

Möguleikar í iðnvíðarræktun á Íslandi

BAKSVIÐ

Kjartan Kjartansson
kjartan@mbl.is



Stór markaður er fyrir kurlaðan trjávið á Íslandi og útlit er fyrir að hann stækki á næstu árum ef áform um stóriðju við Húsavík og í Helguvík ganga eftir. Enn sem komið er getur skógrækt hér á landi aðeins annað broti af eftirspurninni eftir iðnvíði af þessu tagi.

Stærsti kaupandi viðarsins hér á landi er járnblendiverksmiðja Elkem á Grundartanga. Fyrirtækið skrifaði undir samning til tíu ára við Skógrækt ríkisins árið 2012 um kaup á viðarkurli. Fer nú stærsti hluti þess sem grísjað er hér á landi til verksmiðjunnar.

Að sögn Þorbergs Hjálta Jónssonar, skógfræðings hjá Skógræktinni, eru skógarnir á Íslandi þó ekki stærri en svo að þeir sjá aðeins fyrir um 5% af eftirspurn Elkem. Hluti viðarsins sem þar sé notaður sé úrgangstímur frá Sorpu en langstærsti hlutinn sé fluttur inn frá Kanada.

Kollegi hans hjá Skógræktinni, Próstur Eysteinnsson, sviðsstjóri Þjóðskóga, segir engu að síður að magnið sem sé selt sé mun meira en áður hafi verið grísjað á Íslandi. Skógræktin vilji gjarnan sjá fyrir eins miklu af eftirspurninni og hægt sé og Elkem vilji kaupa meira hédan.

Horft til ræktunar á ösp

Eins og er þarf verksmiðjan á Grundartanga um 30.000 tonn af viðarkurli á ári hverju. Verði kísilmálmverksmiðjur þýska fyrirtækisins PCC á Bakka og Torsil í Helguvík að veruleika margfaldast eftirspurnin eftir kurlinu hér á landi.

Íslensk skógrækt á núverandi forsendum stendur ekki undir mikilli framleiðsluaukningu að sögn Þorbergs skógfræðings. Um 7-10 þúsund hektara af iðnvíðarskógi þarf til að sjá Elkem fyrir kurli. Til samanburðar er náttúrulegi birki-skógurinn á Hallormsstað um 400 hektarar.

Hins vegar segir Þorbergur að nægt landsvæði og tæknipekking sé til staðar í landinu til þess að bæta í.

Í því samhengi lítur Skógræktin helst til iðnvíðarræktunar á ösp



Hráefni Járnblendiverksmiðjan notar viðarkurlið sem hráefni til að framleiða kísilmálm en ekki sem orkugjafa eins og margir gætu haldið.

MÚLAKOT Í FLJÓTSHLIÐ

Byrjuð að rækta ösp

Hjónin Sigríður Hjartar og Stefán Guðbergsson í Múlakoti í Fljótshlíð hófu fyrir tveimur árum iðnvíðarræktun á ösp. Sigríður segir að hugmyndin sé að eftir 15-20 ár verði kominn þar upp víður sem verði vel nýtanlegur í kurl fyrir járnblendiverksmiðjuna.

„Við sjáum í þessu að við erum að nýta land sem er ekki fallið til grasræktar nema með miklum tilkostnaði, við erum að binda koltvísýring og draga úr innflutningi á víði,“ segir hún.

Gróði sé ekki skjótfenginn en ræktunin sé langtímafjárfesting. Miðað við útreikninga ætti hún að gera meira en að standa undir kostnaði og gefa allbærilegar tekjur í framtíðinni, segir Sigríður.



Skógur grísjaður.

til að anna eftirspurninni. Árið 1991 hófst gróðursetning á 85 hektara tilraunaskógi á Sandlækjamýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í þessum tilgangi.

„Við horfum mikið til þessa móðels, ræktun iðnvíðar með hraðvaxtategundum í stuttum lotum til þess að anna þessari eftirspurn innanlands. Auðvitað er það markmið okkar í íslenski skógrækt að frekar en að iðnaður hér sé að skapa störf og rækta skóga erlendis þá færum við það hingað til landsins,“ segir Próstur.

Ágætisverð fæst fyrir afurðina og þar af leiðandi segir Próstur það vera fjárfestingarmöguleika fyrir

landeigendur að rækta upp skóg á landi sínu. Ef allrar hagkvæmni sé gætt dugi framleiðslan fyrir kostnaði og hún skapi störf.

Þorbergur bendir á að aukning skógræktar sé að hluta til pólitískt álitæfni.

„Arðsemigreining bendir til að þetta sé ágætisfjárfesting en það er meira pólitísk spurning hvort menn vilja fara út í þetta. Við erum að tala um tvöfalda, þrefalda eða fjórfalda skógrækt bara til að anna eftirspurninni sem er í landinu í dag. Ef við tölum um nýju verksmiðjurnar þarf mikið meira. Þetta er eiginlega helst spurning um landnýtingarstefnu,“ segir hann.

